

Skipulagsnefnd Garðabæjar - 17 (26.11.2015) - Bústaðavegur/Reykjanesbraut, dsk br lýsing í Rvk.

Málsnúmer : 1511324
Málsaðili : Reykjavíkurborg - Skipulags- og byggingarsvið
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 26.11.2015

Inngangur :

Niðurstaða : Skipulagsstjóri greinir frá kynningu Reykjavíkurborgar á lýsingu vegna deiliskipulags við gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar. Í auglýsingu kynningarinnar kemur fram sá skilningur Reykjavíkurborgar að í nýsamþykktu svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins sé fallið frá gerð mislægra gatnamóta á svæðinu. Skipulagsnefnd beinir þeirri spurningu til svæðisskipulagsnefndar hvort nefndin sé sammála þeirri túlkun Reykjavíkur borgar að svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins geri ótvírætt í skyn að ekki sé gerð krafa á mislægum gatnamótum Reykjanesbrautar og Bústaðavegar. Það er skilningur skipulagsnefndar Garðabæjar að sátt sé um það að útfærsla Reykjanesbrautar amk kosti frá Miklubraut og til suðurs sé með mislægum gatnamótun til að tryggja stöðu brautarinnar sem meginstofnbraut bílaumferðar á höfuðborgarsvæðinu.